

## Samstarfssamningur

Aðilar að samstarfssamningi þessum eru annars vegar Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses. (ÞSV) kt. 530308-1380, Ægisgötu 2, Vm. og hins vegar Viska – fræðslu og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja ses. kt. 630103-2230 Ægisgötu 2 í Vestmannaeyjum.

Starfsemi Þekkingarseturs Vm. og Visku fer fram að langmestu í húsnæði ÞSV að Ægisgötu 2 Vestmannaeyjum. Af því leiðir að til staðar er mikið samstarf þessara aðila og rekur ÞSV alla sameiginlega þjónustu í húsinu. Viska er stærsti notandi þeirrar þjónustu meðal stofnana og fyrirtækja sem þar starfa.

### 1. gr.

Eitt af hlutverkum Þekkingarseturs Vm. er að vera miðstöð rannsókna- og þróunarstarfsemi í Eyjum og hefur það markmið að efla samstarf fyrirtækja og mennta- og rannsóknastofnana um verkefni á sviði nýsköpunar og rannsókna. Þá mun ÞSV bjóða upp á rannsóknnaðstöðu fyrir háskólanemendur og vísindamenn og kennsluhúsnæði fyrir símenntun, fullorðinsfræðslu og fjarkennslu.

### 2.gr.

Meginhlutverk Visku er að hafa forgöngu um fræðslu, staðbundna kennslu og fjarkennslu á flestum sviðum og miðla því til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Þá stendur Viska fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námskrarbundið nám á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Viska er í nánu samstarfi við fjölmarga aðila hér á landi um símenntun og endurmenntun.

Þá hefur Viska formlegt samstarf við flesta háskóla á landinu um menntun á háskólastigi og býður upp á aðstöðu fyrir nemendur vegna fjarnáms og með námsveri í kennsluhúsnæði sínu að Ægisgötu 2 Vm.

### 3.gr.

Með samstarfssamningi þessum tekur Viska að sér í samstarfi við Þekkingarsetur Vm. að veita upplýsingar um mismunandi tækifæri til náms á öllum skólastigum sem boðið er með fjarkennslusniði og koma þeim upplýsingum á framfæri við íbúa Vestmannaeyja. Viska heldur áfram á þeirri braut að standa fyrir fjölbreyttu námskeiðahaldi, kynna símenntun, bjóða upp á raunfærnimat, veita náms- og starfsráðgjöf og bjóða upp á möguleika á námi í heimabyggð. Skal leitast við að halda til haga heildaryfirliti yfir eftirspurn og framboð náms. Leggja skal sérstaka áherslu á samstarf við menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi.

### 4.gr.


Leiði ákvæði þessa samstarfssamnings til þess að Viska verði fyrir viðbótarútgjöldum vegna ofangreindra þátta skv. 3.gr. skal þeim kostnaði skipt jafnt milli Þekkingarseturs Vestmannaeyja og Visku, enda hafi verið um það samið áður en ráðist var í umrædd verkefni.

### 5.gr.

Samstarfsamningur þessi gildir frá 1. september 2020 til 31. desember 2023 miðar að því að samhæfa starfsemi Þekkingarseturs Vm. og Visku og kemur í stað eldri samnings um sama efni frá 2014 og unnið hefur verið eftir. Endurskoðun samnings þessa hefjist hálfu ári áður en gildistími hans rennur út.

Vestmannaeyjum 16. sept. 2020

Fh. Þekkingarseturs Vm.



Fh. Visku

